

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (leiðrétting vegna laga um tekjuöflun ríkisins).

Frá efnahags- og skattanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Helgu Helgadóttur frá fjármálaráðuneytinu.

Alþingi afgreiddi fyrir júl tvö lagafrumvörp sem bæði vörðuðu breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, þ.e. lög nr. 136/2009 (landið eitt skattumdæmi) og nr. 128/2009 (tekjuöflun ríkissjóðs). Vegna mistaka voru löggin staðfest og birt í annarri röð en afgreiðsla þingsins gerði ráð fyrir.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði tekjuskattslaga sem urðu marklaus vegna umræddra mistaka verði lagfærð. Í 3. gr. er árétting sem varðar hækkun tekjuskatts á lögaðila með annað reikningsár en almanaksárið.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 2. mars 2010.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Tryggvi Þór Herbertsson.

Lilja Mósesdóttir.

Magnús Orri Schram.

Birkir Jón Jónsson.

Ögmundur Jónasson.

Pétur H. Blöndal.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir.

Þór Saari.